

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.**

## 1. gr.

Þar sem stendur Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal standa Hollustuvernd ríkisins og þar sem stendur Öryggiseftirlit ríkisins skal standa Vinnueftirlit ríkisins.

## 2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Óheimilt er að tollafgreiða sterk eiturefni, sbr. lista I, og eitur, sbr. lista II, 1. gr. reglugerðar nr. 445/1978, . . . .

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar í stað nema hvað snertir tollafgreiðslu eiturs skv. lista II, 1. gr. reglugerðar nr. 455/1978 frá og með 1. júlí 1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

3. febrúar 1983

**AUGLÝSING**

Nr. 60

**um leiðbeiningar varðandi notkun rása í 27 MHz tíðnisviðinu.**

Með hliðsjón af 11. gr. reglna nr. 506 19. desember 1979 um starfrækslu almenningstalstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu hefur ráðuneytið ákveðið að birta eftirfarandi leiðbeiningar um notkun rása í 27 MHz tíðnisviðinu.

Rás 1, 2, 3, 4, 5	Almennar samtalsrásir.
Rás 6	Kallrás F.R. og allra hjálparsveita.
Rás 7, 8, 27	Atvinnurekstur.
Rás 9	Almenn kall- og neyðarrás.
Rás 10, 11, 12	Samtalsrásir F.R.
Rás 13, 22	Slysavarnir og leitir.
Rás 14, 15	Samtalsrásir F.R.
Rás 16	Bæjarstofnanir.
Rás 17	Löggæsla.
Rás 18, 19	Vegaþjónusta.
Rás 20	Vinnurás vegna íþróttaiðkana.
Rás 21, 23, 24	Smábátar.
Rás 25, 26	Lamaðir og fatlaðir.
Rás 30, 31, 32, 33, 34, 35	Samtalsrásir F.R.
Rás 36, 37, 38, 39, 40	Almennar samtalsrásir.

*Samgönguráðuneytið, 3. febrúar 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Halldór S. Kristjánsson.*